



FUNDARGERÐ 491. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 9. janúar 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Málafni grenndarstöðva – staða textílverkefnis

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri SORPU, tekur sæti við upphaf fundar og gerir grein fyrir stöðu söfnunar á textíl hjá SORPU.

Ísól Fanney vísar af fundi klukkan 08:32.

2. Málafni endurvinnslustöðva – erindisbréf vegna framtíðarskipulags endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindisbréfi vegna framtíðarskipulags endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Framlagt erindisbréf er samþykkt.

3. Gjaldskrárbreytingar SORPU

Stjórn SORPU ræðir gjaldskrárbreytingar SORPU sem tóku gildi um áramótin. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að tekjur SORPU hækki um tæp 12% milli ára. Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst til komin vegna mun bættar meðhöndlunar á úrgangi með útflutningi á blönduðu rusli til orkuvinnslu og því að verulega verður dregið úr urðun í Álfsnesi. Hvort tveggja hefur í för með sér hærri einingaverð. SORPA er bundin af lögum um meðhöndlun úrgangs, sem gera kröfu um að innheimtur sé raunkostnaður við meðhöndlun hvers úrgangsflokks fyrir sig.

Stjórn SORPU kallar í því ljósi eftir að framkvæmdastjóri láti meta svigrúm til endurskoðunar gjaldskrárbreytinga.



4. Erindi frá FA – svar við erindi

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar svar við erindi Félags atvinnurekenda.

5. Önnur mál

Stjórn SORPU ræðir stöðu á máli ESA vegna tekjuskattsundanþágu byggðasamlaga.

Stjórn SORPU ræðir áframhaldandi aðgengi að bréfpokum undir matarleifar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 6. febrúar klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:39.